Foreldrasamstarf

Vörður til að efla samstarf foreldra í leikskóla

í leikskóla

Co-funded by the European Union

Foreldrasamstarf í leikskóla was developed as part of a three years during Erasmus+ Be-In project (2022-2025), with partners from Iceland, Portugal and Belgium, under coordination of VBJK, Centre for Innovations in the Early Years. The tool was translated and adapted by the international Be-In partners in Flemish, Icelandic and Portuguese. Each adaptation brought small nuances, to reflect the reality and needs of each country.

MORE INFORMATION

www.vbjk.be/en/project/be-in

WITH SPECIAL THANKS TO:

In Iceland:

- the teams from the preschools Suðurborg and Múlaborg (City of Reykjavik)
- University of Iceland.

In Belgium:

- CIK coach's from City of Ghent and the Blauwe Lelie who injected their experience on this tool: Hilde Schockaert, Arlette Mattheeuws and Marjolein Demulder
- the inclusion coaches of the 16 Inclusive Childcare Centres (*Agentschap Opgroeien*)
- the teams of childcare centres De Bron (City of Ghent) and De Kleine Wereld (De Blauwe Lelie)
- Gent University and VBJK

In Portugal:

- the teams from Bela Vista and Shalom
- University of Aveiro

ENDREDACTION

Katrien Van Laere, VBJK

DESIGN

Katrien Annys, www.jacques.gent

REFERENCE

Be-In consortium (2024). Foreldrasamstarf í leikskóla - Vörður til að efla samstarf foreldra í leikskóla Be-In Erasmus+. Gent: VBJK.

With financial support from European Commission.

January 2025

A manual

The aim of this tool is to establish and maintain a relationship of trust with parents, by strengthening ECEC educators' skills and confidence.

Both research and practice demonstrate the importance for ECEC educators to reach out and involve parents in co-educating children. This partnership is all the more important for parents of a child with special needs. After all, the educator is the parent's ally, through daily contact with them and through the attachment relationship they develop with the child. Yet, educators and parents face challenges in translating this vision into small daily actions.

We know that there is no one-size-fits-all answer to the question: how do you build a partnership with parents? Nor is there a one-size-fits-all answer to how, as a coach, you can support an educator or the whole team in a meaningful way. However following aspects can help in this process: a series of small steps, having simple questions in our mind, small details in our attitude, a good preparation for a conversation, thinking about the way we introduce ourselves and ask questions. This is what the *Connecting with parents* tool aims to explore.

Experienced coaches know how to stimulate and deepen the reflections of educators on inclusive work and partnership with parents. But they also experience how helpful it can be to have a manual with small steps, simple reflection questions, tips and tools. It gives them extra support to accompany the educators and the ECEC teams in their journey.

As such, *Connecting with parents* is a tool for pedagogical supporters, coordinators and coaches who want to reflect and take action together with ECEC educators in building a strong partnership with parents in inclusive early years settings.

The development of the tool

From distance to proximity

During and shortly after the Corona pandemic, two inclusion coaches from Belgium, Hilde and Arlette, received many requests from ECEC centres for support in communicating with parents. They sketched then the basis of this reflection tool to stimulate and reconstruct a relationship between educators and parents, even in a context of social distancing. They quickly noticed many other organisations, both in Belgium and in other countries, were struggling with the same post-pandemic challenges and needs to bring back proximity in the contact with parents. In 2021-22, together with Icelandic and Portuguese partners, the Be-In international consortium was formed, that evolved into a three-year Erasmus+ KA2 project, with financial support from the European Commission. This project allowed us to further develop and deepen the tool, based on concrete experiences from each partner.

From a targeted to a universal approach

At first, the questions and needs were more specifically focused on the partnership with parents of children with special needs. Those often bring more situations that ask for more nuances and a careful approach. However, in the development process of the tool, it became quickly visible that the actions and questions are useful for all parents, as the fundaments of good quality alliances between educators and parents are in essence the same.

As such, it was decided to develop a universal tool for all children and parents instead of a targeted approach. The tool aims therefore to understand the needs of all children and connect with all parents, although maintaining a special attention to parents who have a child with special needs.

From a regional to an international tool

Belgium produced a first version of the tool, in Dutch, tailored to the reality in the Flemish Community of Belgium. It was then translated into English, for each Be-In partner country to work further on their own version. In each country, Be-In partners reflected on which dimensions were essential in their context. They selected the reflection frames, added specific cards when necessary and made links to local instruments. Those adaptations and suggestions were brought back into the international English version of the tool, and in each regional version. This version can be used for further translations and adaptations.

The content of the tool

19 cards in 5 dimensions

	**varða1** Að byggja upp traust í foreldrasamskiptum	6 CARDS
	**varða 2** Jákvæð sýn á börn	3 CARDS
	**varða 3** Að vinna að sameiginlegri umönnun í samvinnu við foreldra	4 CARDS
	**varða 4** Skil milli skólastiga	2 CARDS
	**varða 6** Umgjörð um foreldraviðtöl	4 CARDS

A well-considered sequence

The dimensions and cards follow a well-considered sequence: connecting with parents starts with the very first contact with the team. In the familiarisation period, you are building the foundation for the relationship, which continues to grow through daily contacts. By taking a focused and positive look at the individual child and sharing this with the parent, you express that you care for their child and that he or she matters and belongs in the group and in society. Together with the parent, you find out how the child can feel good and thus have maximal developing opportunities. In this way, we include the parents as valuable resources and experts to ensure the child's well-being and involvement. You will find these steps on each card of the first dimension 'Building a relationship of trust'. The first steps into an ECEC can be slightly different according to the context and as such, some cards may be added, of being brought together.

The second dimension focuses on observing the child from a positive perspective, often with the help of an observation instrument to map, together with the parent, a child's portrait.

This builds further up towards shared care for a child, explained in the third dimension of the tool. An alliance between educators and parents allows you as a professional to have conversations with parents that come from the heart.

In the fourth dimension, we focus on the support we can offer parents in building a social network and a sense of belonging. In the fifth dimension, we work on a warm transition to school and after-school care so that the child and parents can continue their path with confidence. Those two dimensions care for continuity in the trusting relationship.

The final dimension contributes to enabling accessible conversations with a wide diversity of families, including a focus on multilingual families. The cards from the sixth dimension can contribute to each step in this tool. Keep this in mind!

The structure of the tool

The tool consists of different cards, which can be selected and used in a flexible way, according to the context. Each card shares the same template, with four sections:

- **A quote:**
  from a parent, educator, coordinator,... as an eye-opener and/or illustration of the different dimensions
- **Ígrundun**
  As a coach, you first get the person(s) involved in thinking for themselves. Here you will find a number of possible reflection questions to help you clarify the situation or initial question and start the search together, without quickly reaching for ready-made answers.
- **Til umhugsunar**
  ideas, tips and examples of practices to pick from
- **Aðrar hugmyndir**
  The aim of this section is to first look at the tools the team is already using in its organisation. *Connecting with parents* builds on existing tools and methodologies. Some cards refer to specific examples (for example, a conversation guideline developed by Be-In partner De Bron, from Stad Gent in Belgium, a letter template for parents, developed by Suðaborg, in Iceland), or to give general ideas of instruments which you can use for support as coach (for example, the observation instrument to map a child's portrait used in your organisation).

All examples and links to partners' websites are quickly accessible with one click via the pdf version of the tool, but also collected on one website:

www.vbjk.be/en/project/BE-IN

Getting started with the tool

There are several possible paths (entry points) to get started with the tool:

- **From a case or situation presented by an educator**
  The pedagogical coach supports an ECEC educator in communication with parents, towards a better understanding of a child and/or finding a better inclusive approach for a child.
- **To support connection with all parents, increasing parent involvement and partnership with parents**
  To refine the vision on partnership with parents and to choose and introduce methodologies/tools to implement this vision in practice.
- **To complement a training**
  Deploying the tool to deepen partnership with parents and inclusion together with the team, to create ownership of the vision and approach in the team.
- **In professional learning communities**
  Using reflection questions of selected cards to exchange experiences as the starting point for discussions.

Together with the entire team

Of course, guidance in building a partnership with parents can't be separated from a strong team vision on partnership with parents and inclusion. During the Be-In project, various other tools and methodologies were also used to arrive at a supported vision and action together with the team. You can find these on the Be-In website,together with the inspiring stories of all Be-In partners:

www.vbjk.be/en/project/BE-IN

Foreldrasamstarf

VARÐA 1
Að byggja upp traust í foreldrasamskiptum

í leikskóla

Co-funded by the European Union

1.1 Fyrstu kynni

1.2 Móttökufundur

1.3 Aðlögun og fyrstu dagarnir í leikskólanum

1.4 Dagleg samskipti á fyrstu dögunum

1.5 Að endurmeta fyrstu skref barnsins í leikskólanum

1.6 Að bæta skert samband við foreldra

1.1
Fyrstu kynni

'Parents sometimes ring the doorbell directly. We are happy to help them, make time for a chat and show them around the building. In that way they can already feel the atmosphere. (...) We want to give parents a warm welcome right from the start, even though we know we may not have a place for their child. But it is important for parents to know that we will continue the search together.'

- Tineke, coordinator

ÍGRUNDUN

- Hvernig skilur þú eftir gott fyrsta innlegg hjá nýjum foreldrum?
- Hvernig tekur þú á móti (mögulegum) nýjum foreldrum í leikskólanum þínum?
- Hvaða andrúmsloft einkennir leikskólann?
- Hvernig svarar þú í símann?
- Eru einhver menningarleg viðkvæmni sem þarf að taka tillit til í samskiptum við foreldra?
- Hvenær eru þið/leikskólinn aðgengilegu

TIL UMHUGSUNAR

- Hugleiddu ímynd leikskólans: Hversu vel þekktur er hann, hvað vita foreldrar áður en þeir sækja um vistun fyrir sitt barn (í gegnum veggspjöld, bæklinga,, netið)?
- Svarar þú foreldrum með símtali eða sérsniðnum tölvupósti? Hafðu í huga að staðlað svar er auðvelt að þekkja.
- Tryggðu notendavænt skráningarkerfi: Vita foreldrar nægilega mikið um leikskólann til að velja hann af ásetningi? Eru upplýsingar um laus pláss aðgengilegar og uppfærðar? Hvernig hjálpar þú foreldrum sem eru minna læsir á stafræna tækni?
- Heilsaðu foreldrum (jafnvel þótt þeir séu enn sitjandi eða standandi á biðsvæði).
- Bjóddu foreldrum inn, gefðu þér tíma og rými til að hlusta á þau.
- Brostu.
- Hugleiddu hvernig þú tekur á móti fólki í síma: Svaraðu með glaðlegri röddu, sýndu vilja til að hlusta og hjálpa.
- Hafðu í huga að menningarleg viðkvæmni er mismunandi (t.d. ekki eru allir vanir að heilsa með handabandi eða augnsambandi).

AÐRAR HUGMYNDIR

- ...

1.2
Móttökufundur

'Very warm though, they really did listen to our story and also really tried to find an appropriate approach. The welcome was definitely good.'

- Sabine, mother

ÍGRUNDUN

- Hvernig myndir þú vilja vera boðinn velkominn sem foreldri?
- Hvaða sýn og upplýsingar viltu að foreldrar fái í fyrsta samtalinu?
- Hvernig tryggir þú að foreldrar upplifi að áherslan sé á einstaklingsbundna eiginleika barnsins?
- Hvernig tryggir þú að foreldrar finni að þú hafir raunverulegan áhuga á reynslu þeirra af foreldrahlutverkinu?
- Á hvaða hátt spyrð þú foreldra um þarfir og styrkleika barns þeirra?
- Hvernig tekst þú á við spurningar foreldra sem þú getur ekki svarað skýrt strax?
- Hvernig tekur þú á móti fjöltyngdum foreldrum eða foreldrum í viðkvæmri stöðu sem koma með meðræðismann?

TIL UMHUGSUNAR

- Gefðu tíma og rými fyrir þetta fyrsta samtal við foreldra. Leggðu áherslu á að heilsa þeim og kynna sjálfan þig.
- Vertu forvitin(n) um barnið (t.d. af hverju það var nefnt sínu nafni) og fjölskyldulíf þess.
- Spurðu foreldra hvað þeir vænta af leikskólanum. Það er í lagi ef foreldrar eru ekki allir sammála. Hlustaðu fyrst á væntingar foreldra varðandi leikskólann (t.d. dvalartíma barnsins) og ræðið síðan saman hvernig og hvort hægt sé að mæta þeim.
- Spyrðu foreldra hvernig þeir hafi upplifað uppeldi barnsins hingað til og hvernig þeir komust í samband við leikskólann.
- Hlustaðu á áhyggjur foreldra og taktu þær alvarlega. Ekki reyna að hughreysta með því að gera lítið úr áhyggjum þeirra með orðum eins og „þetta verður allt í lagi“.
- Vertu opin(n) fyrir ólíkum uppeldisaðferðum og reyndu að finna málamiðlanir.
- Vertu heiðarleg(ur) ef þú ert ekki viss um hvernig hægt sé að mæta ákveðnum stuðningsþörfum barnsins. Segðu að þetta verði sameiginlegt verkefni ykkar og þú sért tilbúin(n) til að leggja þig fram.
- Notaðu orð og hugtök sem foreldrar nota um (sér)þarfir barnsins.
- Reyndu að skipta út „já, en...“ fyrir „já, og...“ í samskiptum við foreldra.
- Skipuleggðu aðlögunartíma í lok leiðsagnarinnar og útskýrðu fyrir foreldrum hvað þeir þurfa að koma með (t.d. bleyjur, nestispoka, bangsa).

AÐRAR HUGMYNDIR

- leiðbeiningar fyrir fyrsta samtal;
- upplýsingablað leikskólans;
- ...

1.3
Aðlögun og fyrstu dagarnir í leikskólanum

'Getting familiar and at ease is very important to me, because a childcare centre is a second home. My daughter is there as much as at home. I could demonstrate them how I rock my child to sleep at home, how I comfort her and how I feed her. They took that into account as well.'

- Fatma, mother

ÍGRUNDUN

- Sem foreldri, hvernig myndir þú vilja að þér væri tekið eftir fyrstu stundina þar sem þú „sleppir takinu“ af barninu?
- Hvað segir þú foreldrum eftir fyrstu kynni barnsins í hópnum?
- Hvernig hvetur þú foreldra til að tjá sig, koma með spurningar og áhyggjur?
- Af hverju er mikilvægt að vita hvernig foreldrar upplifa þetta „að sleppa“ barninu? Hvernig myndir þú nálgast umræðuna?

TIL UMHUGSUNAR

- Gakktu úr skugga um að leikskólakennarinn sem tók á móti foreldrum og barni í inntöku og leiðsögn sé til staðar í þessari fyrstu aðlögunarstund.
- Gefðu foreldrum nægan tíma til samtals og skiptist á upplýsingum.
- Sendu skilaboð eða mynd til foreldra á fyrstu aðlögunarstundinni þar sem barnið er eitt, til að róa þá. Þeir geta líka hringt ef þeir vilja heyra hvernig gengur.
- Spyrðu foreldra hvernig þeim leið við að „sleppa“ barninu í fyrsta sinn.
- Vertu hreinskilin(n) um hvernig aðlögunin gekk fyrir barnið.
  - Hvað tókst þú eftir?
  - Hvernig brást barnið við?
  - Hvað var gert til að styðja það?
- Hvetjið foreldra til að deila sínum eigin spurningum og áhyggjum.
- Ef þið hafið eigin spurningar eftir þetta mót, finnið lausnir saman.
- Samþykktu næstu skref í þessu umskiptatímabili: Hvenær kemur barnið næst í aðlögun? Hvenær byrjar það samkvæmt áætluninni?

AÐRAR HUGMYNDIR

- upplýsingablað leikskólans;
- skriflegur samningur;
- samskiptabók;
- ...

1.4
Dagleg samskipti á fyrstu dögunum

'In the morning, I had told Martine that both of us (my child and I) had had a rough night and that it would be an exciting day for me as a result. In the evening at pick-up, Rita asked me if I had survived the day and that Mila had done extremely well. 'Wow, how well these two educators communicate with each other!'

- Lien, mother

Í grunnun

- Hvað getur hlýlegt viðmót á komu- og brottfararstundum gert fyrir sambandið við foreldra?
- Hvað er mikilvægt að vita þegar barn er komið í leikskólann á morgnana?
- Hvernig tryggir þú að foreldrar finni að þú „sjáir“ barnið þeirra raunverulega?
- Hvernig tryggir þú að hver foreldri fái eitthvað sérstakt að heyra um barnið sitt á hverjum degi?
- Hvernig miðlar þú erfiðari upplýsingum?
- Við hvað veitir þú sérstaka athygli á fyrstu komu- og brottfararstundum barnsins?
- Fá foreldrar að koma inn í hóp barnsins? Hvernig líður þér með það? Hvernig upplifa samstarfsfélagar þínir það?
- Hvernig styður þú barnið við að kveðja foreldra sína?
- Hvað viltu segja foreldrum þegar þeir koma að sækja barnið?
- Hvernig bregst þú við gagnrýnum spurningum eða athugasemdum frá foreldrum?
- Hvernig tryggir þú að mikilvægar upplýsingar skili sér til foreldra, jafnvel þegar einhver annar kemur að sækja barnið?

TIL UMHUGSUNAR

- Spyrðu foreldra um mikilvægar upplýsingar (t.d. svefn barnsins, upplifun þess af deginum áður).
- Vertu vökul(l) fyrir líðan foreldra og spurðu hvernig þeim líður.
- Gefðu foreldrum skýra innsýn í dag barnsins – ekki bara hvað það gerði, heldur hvernig það leið.
- Hvetjið foreldra til að deila spurningum og áhyggjum.
- Heilsaðu barninu þegar það kemur og kveddu það þegar það fer heim.
- Eldri börn geta líka tjáð sig sjálf um daginn sinn – hlustaðu á þau.
- Ef þú gleymir að segja eitthvað mikilvægt, hringdu í foreldrana síðar um daginn.
- Bjóddu foreldrum að hringja yfir daginn ef þeir vilja fá uppfærslu.
- Gefðu stutt yfirlit yfir daginn við afhendingu barnsins.
- Sýndu foreldrum ljósmyndir eða myndbönd af barninu í leik, ef þeir hafa áhuga.
- Gefðu foreldrum tíma til að tjá sig um sína upplifun.
- Taktu gagnrýni foreldra sem tækifæri til umbóta – ekki sem gagnrýni á þig persónulega.

AÐRAR HUGMYNDIR

- samskiptabók til að skiptast á upplýsingum;
- ...

1.5
Að endurmeta fyrstu skref barnsins í leikskólanum

'What's it called? A satisfaction interview? Oh, for myself I called it a kind of mid-term review (laughs). I think that's a good idea. Not with the pedagogical coach, but with the childcare worker. She knows my child best.'

- Gaby, mother

ÍGRUNDUN

- Sem foreldri, myndir þú meta það að fá samtal um reynslu þína í leikskólanum nokkrum mánuðum eftir upphafið? Af hverju?
- Hvað myndir þú vilja ræða um?
- Fyrir hvern er það gagnlegt að eiga slíkt samtal?
- Hver ætti helst að eiga samtalið við foreldra?
- Hvernig tryggir þú að foreldrar fái tækifæri til að tjá sig?
- Hvernig bregst þú við tillögum foreldra í þessu samtali?
- Hvernig tryggir þú skýr samskipti við fjöltyngda foreldra sem eru enn að læra tungumálið?

TIL UMHUGSUNAR

- Sá sem þekkir barnið best í leikskólanum ætti að eiga þetta samtal við foreldrana.
- Tilgangur samtalsins er að ræða fyrstu upplifanir og sjá hvort væntingar foreldra hafi ræst.
- Skipuleggðu samtalið vel og tryggðu nægan tíma fyrir það.
- Notaðu barnalýsingu sem leiðarvísi í samtalinu.
- Sýndu foreldrum að þeirra skoðanir skipta máli og reyndu að innleiða tillögur þeirra.
- Endurtaktu fyrir foreldrum að þeir geta alltaf leitað til þín með spurningar eða áhyggjur.

AÐRAR HUGMYNDIR

- leiðbeiningar fyrir slíkt samtal;
- skrifleg barnalýsing með rými fyrir athugasemdir foreldra;
- ...

1.6

Að bæta skert samband við foreldra

'You get to know people well when you see how they react to a problem. My eldest took an unfortunate fall in the ECEC centre. I was in shock, how could that be? I was angry and lost all confidence. Children need to be safe, that is the first requirement for me. But after that initial anger, it ended up being a positive experience. They told me honestly what happened, and so the building of the trust relationship could begin again. That open, transparent communication ultimately gave me more trust than before. Even though it was done in broken English and in sign language, we could see that they were taking things seriously.'

- Simon, father

ÍGRUNDUN

- Hvernig upplifa foreldrar það þegar samskipti við leikskólann eru erfið?
- Hvernig vilt þú að aðrir nálgist þig ef sambandið er stirt?
- Hvernig tekst þú á við tilfinningar foreldra (og þínar eigin) í erfiðum samtölum?
- Hvernig getur þú hjálpað til við að vinna bug á tortryggni í samskiptum?

TIL UMHUGSUNAR

- Vertu alltaf kurteis og vingjarnleg(ur).
- Gerðu þitt besta til að viðhalda samskiptum, jafnvel þegar þau eru erfið.
- Gefðu foreldrum tíma til að tala og tjá sig.
- Hlustaðu eftir dýpri skilaboðum í því sem foreldrar segja.
- Finnið saman lausnir til að bæta sambandið og koma í veg fyrir framtíðarmisræmi.

AÐRAR HUGMYNDIR

- ...

Foreldrasamstarf

VARÐA 2
Jákvæð
sýn á börn

í leikskóla

Co-funded by
the European Union

2.1 Að byrja með jákvæða sýn á barnið

2.2 Tala á jákvæðan hátt

2.3 Samræður við samstarfsfólk

2.1
Að byrja með jákvæða sýn á barn

'By discussing the child's experience in ECEC [here with the help of a tool that maps wellbeing and involvement], you show parents how you are trying to discover and understand their child. You give value to what the child can already do.'

- Thalia, ECEC educator

ÍGRUNDUN

- Hvernig líður þér sem foreldri þegar aðrir tala jákvætt um barnið þitt?
- Hvað ef viðkomandi spyr þig hvort þú upplifir barnið á sama hátt?
- Hvernig getur þú fylgst með því hvort barn líði vel í leikskólanum? Hvernig sérðu hvort barn sé niðursokkið í leik?
- Hvernig fer leikskólinn þinn að því að búa til barnaprófíl?
- Hvernig getur þú tryggt að þú hafir heildarmynd af barninu? Speglar sú mynd það sem foreldrar segja og eru þau sammála barnaprófílnum?
- Hversu reglulega fylgist þú með börnum?
- Hvernig getur þú tekið tillit til sjónarhorn barnsins?

TIL UMHUGSUNAR

- Reyndu að setja þig í spor barnsins. Ímyndaðu þér heiminn frá sjónarhorni barnsins.
- Byrjaðu á vellíðan og þátttöku. Vellíðan snýst um að líða vel í eigin skinni og þátttaka snýst um að geta gleymt sér í leik.
- Markmiðið er að fá heildarmynd af barninu:
  - Skoðaðu heildrænt: á mismunandi þroskasviðum eða út frá mismunandi upplifunum barnsins.
  - Einbeittu þér að styrkleikum: Jafnvel hegðun sem litið er á sem neikvæða getur haft jákvæða eiginleika.
- Vertu markviss í athugunum þínum á mismunandi tímum dags og vikunnar. Reyndu að fanga bestu stundir barnsins. Hvenær koma þær fram? Við hvaða aðstæður?
- Vertu meðvitaður um eigin bakgrunn og sjónarmið. Samræmdar athuganir með samstarfsfólki gefa fyllri mynd.
- Reyndu að skrásetja á hlutlægan hátt það sem þú sérð (hvar, hvenær, hvernig, með hverjum...).
- Horfðu á heildarmyndina þegar athugun fer fram. Þannig fá ung börn raunverulega rödd. Eldri börn geta verið virkir þátttakendur (í samtali, teikningu...).

AÐRAR HUGMYNDIR

- uppeldislegt ramma- eða námskráarkerfi leikskólans;
- ...

2.2
Tala á jákvæðan hátt

'My daughter likes to move around and explore, the educator said. That made me laugh, because I too have to keep a constant eye on her or she will run away. I was glad they formulated her 'running away behaviour' in such a powerful way.'

- Tess, mother

ÍGRUNDUN

- Hver ætti helst að framkvæma athuganir á barni og skrá barnalýsingu? Af hverju?
- Hvernig skráir þú þú það sem þú hefur séð í hópnum?
- Hvernig viltu að aðrir tali, barn eða foreldri, við þig eða þitt barn?
- Hvernig gerir skrifleg skráning tengsl hegðunar og vellíðunar barnsins skýrari?
- Af hverju skiptir máli að lýsa einnig aðstæðum athugunar?
- Hver er hættan við að skilgreina barn eingöngu út frá hegðunarvanda eða stuðningsþörfum þess?

TIL UMHUGSUNAR

- Kennarinn sem er með barnið í hópastarfi eða að fylgjast með barni þegar athugun á sér stað.
- Neikvætt túlkuð hegðun má oft orða jákvæðar:
  - „Soffía vill ekki vera ein“ → „Soffía vill njóta félagsskapar annarra barna.“
  - „Soffía getur ekki gengið enn“ → „Soffía skríður hratt og er að læra að ganga.“
  - „Soffía getur ekki tapað“ → „Soffía leggur sig fram til að vinna.“
- Jákvæð tjáning á neikvæðri hegðun þýðir ekki að þú sért að gera lítið úr raunverulegum áskorunum. En mikilvægt er þegar þú nefnir áhyggjur að:
  - Útskýra hvernig hegðun hefur áhrif á vellíðan barnsins.
  - Hafa skýrt í hvaða aðstæðum athuganirnar áttu sér stað (hvar, hvenær, hvernig, með hverjum...).
  - Lýsa því hvað við getum lært af þeim aðstæðum til að styðja barnið betur.
- Berðu barnið ekki saman við önnur börn, heldur sjálft sig yfir tíma. Það er óþarfi að nefna hvað barnið getur ekki gert og einnig er óþarfi að hafa til hliðsjónar lista yfir þroskastig.
- Hefur þú áhyggjur að þroska barnsins? Ef áhyggjur koma upp í ákveðnu sviði, skoðaðu heildarmynd barnsins – það getur blómstrað á öðrum sviðum.

AÐRAR HUGMYNDIR

- ...

2.3
Samræður við samstarfsfólk

'I think it is important to discuss the child portrait at least with my close colleague. You are not always there yourself and so have not experienced or been able to observe everything yourself. We sometimes feel the child differently too.'

- Rose, educator

ÍGRUNDUN

- Af hverju viltu ræða barnaprófíl með samstarfsfólki?
- Hvaða hlutverki gegnir stjórnandi eða uppeldisfræðilegur ráðgjafi í þessu samtali?
- Hvaða nálgun er best þegar verið er að ræða barn? Hvernig tryggir þú að allir fái að tjá sig í umfjöllun um barn?
- Hvernig tryggir þú að umfjöllun um barn verði jákvæð og uppbyggileg?
- Hvernig styðjið þið hvert annað í að nota jákvæðan orðaforða þegar þið ræðið börn?
- Hvað er mikilvægt að muna varðandi samskipti við foreldra og þeirra stuðningsnet?

TIL UMHUGSUNAR

- Samtal við samstarfsfólk getur fínstillt og dýpkað skilning á barninu.
- Sá sem skráði athugun á barni ætti að hefja umræðuna með því að svara:
  - Hvað finnst þér barnið gera best?
  - Hverjir eru helstu styrkleikar þess?
  - Hvað hefur þú áhyggjur af?
- Notaðu skýrar spurningar til að fá dýpri skilning:
  - Hvernig sýnir barnið þessa hegðun?
  - Við hvaða aðstæður kemur hegðunin fram?
  - Er eitthvað sem dregur úr þessari hegðun?
  - Hve oft kemur hún fyrir?
  - Hvaða áhrif hefur hegðunin á umhverfið (börn, starfsfólk, fjölskyldu)?
  - Hvaða þættir í umhverfinu virðast stuðla að hegðuninni?
- Styðjið hvort annað í jákvæðri tjáningu:
- Hvernig getum við orðað þetta á annan hátt á uppbyggilegan máta?
- Finnið saman aðgerðir til að auka vellíðan og þátttöku barnsins.
- Ræddu hver eigi að fara yfir athugun á barni með foreldrum.
- Undirbúðu spurningar sem eiga að koma til foreldra og samræmið þau skilaboð.
- Skipuleggið áframhaldandi athuganir eða fundi.

AÐRAR HUGMYNDIR

- sniðmát fyrir teymisfundi;
- ...

Foreldrasamstarf

VARÐA 3

Að vinna að sameiginlegri umönnun í samvinnu við foreldra

Í leikskóla

Co-funded by the European Union

3.1 Hvernig setjum við upp foreldraviðtal

3.2 Að deila áhyggjum með foreldrum

3.3 Samskipti við foreldra sem eru ekki með forræði eða lögheimili

3.4 Einstaklingsnámskrá

3.1
Hvernig setjum við upp foreldraviðtal

'During a discussion with the parents, the father mentioned that his son Timotej points at objects at home to communicate. In the centre, Timotej does not make yet such attempts. We will now take more time to work on the conditions that can enable those communication initiatives from Timotej, in continuity with what is observed at home.'

- Robin, educator

ÍGRUNDUN

- Af hverju ræðið þið barnaprófíl með foreldrum?
- Af hverju er betra að fara yfir barnaprófíl með foreldrum áður en þeir fá hana afhenta?
- Hvernig býður þú foreldra í þetta samtal?
- Hvernig nærð þú að samstilla þig við foreldra? Hvaða skref skipta máli?
- Hver ætti að leiða þetta samtal? Af hverju?
- Hvernig tryggir þú jafnræði og samstarfi í þessu samtali?
- Hvernig tekur þú vel á móti efasemda- eða varnarviðbrögðum foreldra?
- Hvaða leiðbeiningar gætu verið gagnlegar áður en samtalið á sér stað? Hvað viltu hafa með þér í þessu samtali?
- Þarftu einhvern til að spegla með þér samtalið eftir að því lýkur? Hver gæti tekið að sér það hlutverk?

TIL UMHUGSUNAR

- Gerðu foreldrum ljóst strax við upphaf leikskóladvalar að reglulegar athuganir á vellíðan og þátttöku barna eiga sér stað. Útskýrðu að leikskólinn ræði reglulega við foreldra um þróun barnsins.
- Undirbúðu samtalið vel (sjá fyrri skref).
- Notaðu hjálpargögn (t.d. barnaprófíl) til að auðvelda samtalið.
- Gættu að hlýlegri tjáningu – notaðu einfalt og skýrt mál.
- Notaðu jákvæðan tón í samtalinu, farðu yfir styrkleika barnsins en nefndu einnig mögulegar áskoranir. Spurðu foreldra hvort þeirra reynsla spegli þá mynd sem þú lýsir.
- Komdu með barnaprófílinn og notaðu það sem leiðarvísi. Þannig getið þið saman búið til heildstæða mynd af barninu. Fyrir hvern lið spyrðu fyrst foreldra hvernig þeir upplifa barnið heima. Þú gætir þekkt hegðun barnsins og þá getur þú bætt við upplýsingum um hvernig barnið hegðar sér í leikskólanum.
- Skipuleggðu regluleg foreldrasamtöl (t.d. tvisvar á ári).
- Veldu skýr heiti fyrir samtalið, t.d. „foreldrasamtal“ eða „umræða um barnaprófíl“.
- Skipuleggðu samtalið utan daglegs amsturs – ekki á hraðafundi við komu eða brottför barnsins.
- Gefðu foreldrum ekki skriflega barnaprófíl án samtals – notaðu hana sem leiðarvísi í persónulegu samtali.
- Samtalið ætti helst að eiga sér stað í persónu. Ef að það er ekki hægt eða ef foreldrar vilja frekar fjarfund, þá er það hægt.
- Taktu frá tíma eftir samtalið til að ræða við samstarfsfólk á þinni deild um upplifun þína og næstu skref.
- Tryggðu trúnað og skýrt verklag um hvernig upplýsingarnar eru geymdar og deildar.

AÐRAR HUGMYNDIR

- myndrænt stuðningsefni fyrir samtal (t.d. talmyndir eða ljósmyndir);
- verkfæri fyrir stafræna samskipti (t.d. stafræn ráðgjafatæki);
- ...

3.2
Að deila áhyggjum með foreldrum

'As a coach, I started with the ÍGRUNDUNion questions. This made the topic very accessible and in this way our conversation really started from the parents' point of view. The childcare workers answered with a lot of feeling and empathy. One of them can be rather straightforward in her statements, but using the ÍGRUNDUNion questions made her milder and more open.'

- Aïsha, pedagogical coach

ÍGRUNDUN

- Hvernig vilt þú fá að vita um mögulegar áhyggjur um barnið þitt frá leikskólakennara?
- Frá hverjum myndir þú helst vilja heyra þessar upplýsingar?
- Finnst þér mikilvægt að allir foreldrar barns séu með í samtalinu? Myndir þú vilja taka þátt í ákvörðun um hvar og hvenær samtalið fer fram?
- Hvernig myndir þú vilja vera boðaður í slíkt samtal? Hvað viltu vita fyrirfram?
- Myndir þú vilja koma með stuðningsaðila? Hvern myndir þú velja?
- Hvernig getur þú tryggt að foreldrar fái tíma til að vinna úr upplýsingum?
- Hvernig hefur þú áður rætt áhyggjur við foreldra? Hvernig tóku þeir því?

TIL UMHUGSUNAR

- Sá starfsmaður sem þekkir barnið best ætti að leiða samtalið við foreldra.
- Gott samband við foreldra og dagleg samskipti (t.d. við komu/brottför barns) auðveldar þessa umræðu.
- Reyndu að fá báða foreldra til samtalsins, og ef þeir koma báðir, tryggðu jafnræði í samtalinu.
- Leyfðu foreldrum að taka með sér stuðningsaðila ef þeir vilja.
- Notaðu barnaprófílin sem ramma í samtalinu til að tryggja heildræna sýn á barnið.
- Hlustaðu fyrst á sjónarmið foreldra – þeir gætu þegar haft áhyggjur og byrjuð að leita lausna.
- Gerðu þér grein fyrir að þetta gæti verið í fyrsta sinn sem foreldrar heyra áhyggjur frá öðrum – þetta getur verið þeim tilfinningalega erfitt.
- Gefðu foreldrum tíma til að vinna úr upplýsingunum og komdu til móts við þá á þeirra hraða.
- Vertu til staðar eftir samtalið – foreldrar gætu verið með frekari spurningar eða þurft stuðning.
- Hafðu samtalið í jákvæðum tóni og leggðu áherslu á sameiginlega lausnaleit.
- Hugleiddu næstu skref, t.d. tengingu við sérfræðiaðila ef þörf er á.

AÐRAR HUGMYNDIR

- leiðbeiningar um áhyggjusamtöl;
- ...

3.3
Samskipti við foreldra sem eru ekki með forræði eða lögheimili

'During the follow-up meeting for James, his ECEC educator was also present. I found that enriching and noticed that it made the parents feel more at ease. The educator and the parents brought strengthful examples, which helped us expand our view of James.'

- Hélène, language and speech therapist

ÍGRUNDUN

- Hvaða einstaklingar geta verið hluti af stuðningsneti barnsins og fjölskyldunnar?
- Hvernig hvetur þú foreldra til að taka þátt í slíkum fundum?
- Hvernig tryggir þú jákvæða mynd af barninu?
- Hvernig myndir þú vilja að viðkvæmar upplýsingar um þig væru deildar með öðrum?
- Hvernig tryggir þú gagnsæi í upplýsingagjöf?
- Hvernig útskýrir þú fyrir foreldrum að persónuvernd þeirra sé virt?

TIL UMHUGSUNAR

- Foreldrar ákveða hverjir tilheyra stuðningsneti barnsins.
- Bjóðið foreldrum að taka þátt í fundi stuðningsnetsins en gefið þeim einnig möguleika á að fá niðurstöður síðar.
- Virðið persónuvernd og samþykki foreldra áður en upplýsingar eru deildar.
- Leikskólakennari ætti að koma með barnaprófíl á fundinn og nota hana sem leiðarvísi.
- Endurgjöf fundarins ætti að vera deild bæði með foreldrum og leikskólateyminu.
- Aldrei deila upplýsingum með skóla eða aðra aðila án samráðs við foreldra.
- Tryggðu jafnræði í samtali við alla samstarfsaðila og hlustaðu á sjónarmið þeirra.

AÐRAR HUGMYNDIR

- ...

3.4
Einstaklingsnámskrá

'Also in feeding. Every time we thought of now we've found it which means she does get something in, even if it was finger feeding or the back of the spoon, Sara tried and did it all with us. Endless patience.'

- Hassan, father

Í grunnun

- Hvert ættu stuðningsaðgerðir að beinast?
- Hvernig getur þú nýtt barnaprófílin til að skipuleggja aðgerðir?
- Hverjir ættu að koma að útfærslu aðgerða?
- Hvernig geturðu lært af reynslu fjölskyldunnar þegar þú skipuleggur stuðning?

TIL UMHUGSUNAR

- Stuðningsaðgerðir ættu að miða að því að bæta vellíðan, þátttöku og þroska barnsins.
- Samráð við foreldra og stuðningsnet skiptir máli í ákvörðun um aðgerðir.
- Metið hvort fjárhagsleg úrræði gætu gagnast (t.d. styrkir til aðlögunar).
- Skoðið umhverfisþætti sem hægt er að breyta til að styðja barnið betur.
- Fylgið eftir og metið árangur stuðningsaðgerðanna reglulega.

AÐRAR HUGMYNDIR

- greiningarlíkan um stuðningsþarfir barns;
- ...

Foreldrasamstarf

VARÐA 5
Skil milli skólastiga

Í leikskóla

Co-funded by the European Union

4.1 Skil milli skólastiga í samvinnu við foreldra

4.2 Frá leikskóla yfir í grunnskóla: hnökralaus skil fyrir barn og foreldra

5.1
Skil milli skólastiga í samvinnu við foreldra

'Our son has severe visual impairment. When I first meet with the preschool teacher Barzan will have in September, she immediately suggested that she can come to visit Barzan in his group at the ECEC centre. She even knows the educator. That's when we felt: this will work out!'

- Felix, father

ÍGRUNDUN

- Hvernig undirbýrðu barn fyrir grunnskóla með foreldrum?
- Hvernig geturðu virkjað börnin í ferlinu?
- Hvað getur þú gert til að tryggja að foreldrar og leikskóli vinni saman að góðri tengingu við grunnskólann?
- Hvernig geturðu haldið áfram að styðja foreldra og barn eftir skólaskilin?
- Hvaða ávinning getur fylgt því að deila barnaprófíl með grunnskólanum eða frístundastarfi? Við hvaða skilyrði?
- Hvernig tekur þú fyrsta skrefið í samskiptum við nýjan kennara eða starfsmann frístundastarfs?

TIL UMHUGSUNAR

- Foreldrar hafa oft áhyggjur af því að barnið fari í grunnskóla. Taktu frumkvæði í samtalinu um skólaskilin.
- Spyrðu foreldra hvort barnið hefur þegar heimsótt grunnskólann eða leikið sér á útisvæði grunnskólans? Hvernig upplifðu þau það?
- Hvaða væntingar hafa foreldrar? Eru einhverjar áhyggjur sem hægt er að létta af þeim?
- Útskýrðu hvernig grunnskólar undirbúa ný börn. T.d. skóladagur með foreldrum, aðlögunartími, stuðningur við klósettvenjur o.fl.
- Spyrðu hvort foreldrar hafi skráð barnið í grunnskólann. Þeir geta þurft stuðning, en leikskólinn ætti ekki að taka yfir ferlið.
- Hvetjið foreldra til að nýta kynningarferli grunnskólans, og mæta í viðburði.
- Mundu að frístundastarf er líka hluti af yfirfærslunni. Hjálpaðu foreldrum að kynna sér möguleika í boði og útskýra mikilvægi frístundastarfs fyrir félagsþroska barna.
- Tryggðu að leikskólakennari sé aðgengilegur fyrir foreldra í ferlinu.
- Ef barnið hefur sérþarfir, stuðlaðu að samvinnu milli leikskóla, grunnskóla og foreldra.
- Barnaprófíllinn getur verið gagnleg leið til að miðla upplýsingum. Talaðu fyrst við foreldra og tryggðu að þeir séu sáttir við það sem deilt er.
- Skipuleggðu fund með kennara eða starfsmanni frístundastarfs áður en grunnskólinn byrjar.
- Stuðlaðu að því að börn og foreldrar sem fara í sama grunnskóla hittist fyrirfram.

AÐRAR HUGMYNDIR

- Verkfæri til að styðja við skólaskil barna með sérþarfir;
- …

5.2
Frá leikskóla yfir í grunnskóla: hnökralaus skil fyrir barn og foreldra

'Barzan's father told us how well he was doing in the neighbouring childcare centre. We visit each other regularly. I thought it was important to observe Barzan and his interaction with the other children and the childcare workers already. I also sat down with him with a book already. My idea was that he could already hear my voice and feel my presence before the start in school.'

- Mireille, teacher

ÍGRUNDUN

- Hvernig getur þú fært leikskóla- og grunnskólaveröldina nær svo skrefið verði minna fyrir barnið?
- Hefur þú kynnt þér hvernig mismunandi grunnskólar í hverfinu starfa?
- Hvernig getur þú undirbúið barnið fyrir nýju umhverfi?
- Hvernig getur þú sjálfur kynnt þér betur nýju stofnanirnar (grunnskóla, frístundastarf, mismunandi reglur og venjur)?

TIL UMHUGSUNAR

- Efldu samstarf við grunnskóla og frístundastarf í hverfinu.
- Kynntu þér mismunandi grunnskóla og starf þeirra.
- Hvaða kennsluaðferðir eru notaðar?
- Hvaða stuðningur er í boði?
- Hvernig geta foreldrar haft samskipti við grunnskólann?
- Þekktu hvernig grunnskólinn fylgist með þroska barnsins.
- Hvetjið grunnskóla til að heimsækja leikskólann og kynnast barninu í öruggu umhverfi.
- Stuðlaðu að jákvæðum samskiptum milli leikskóla og grunnskóla.

AÐRAR HUGMYNDIR

- barnaprófíll til að miðla upplýsingum;
- verkfæri til að styðja við skólaskipti barna með sérþarfir;
- ...

Foreldrasamstarf

VARÐA 6
Umgjörð um foreldraviðtöl

Í leikskóla

Co-funded by the European Union

5.1 Hlýleg og aðgengileg framkoma

5.2 Hvað þarf að hafa í huga í munnlegum samskiptum við foreldra?

5.3 Hvað þarf að hafa í huga í skriflegum samskiptum við foreldra?

5.4 Að notast við sjónrænan stuðning í samskiptum

6.1
Hlýleg og aðgengileg framkoma

'Parents that are in a socially vulnerable situation start with a lot of mistrust and/or only for a short period of time. Because of specific low-threshold and open operation, which strongly involves parents and because of the extra support that allows them to come to us, parents keep coming.'

- Roxana, coordinator

ÍGRUNDUN

- Hvað felur í sér að hafa opinskáa líkamsstöðu í samskiptum við foreldra?
- Er einhver sérstök leið sem þú talar við foreldra (raddstyrkur, tónn...)?
- Hvernig sýnir þú foreldrum að þú hafir tíma fyrir þau?

TIL UMHUGSUNAR

- Heilsaðu öllum foreldrum með hlýlegri framkomu.
- Brostu og sýndu áhuga með augnsambandi.
- Notaðu hlýjan og vingjarnlegan raddblæ í samskiptum.
- Gefðu foreldrum tíma, skipuleggðu tíma fyrir samtal með foreldrum ef þú hefur ekki tíma í augnablikinu.
- Forðastu að hafa hindranir (t.d. tölvur, skjái) milli þín og foreldra í samtölum.
- Tryggðu að rými fyrir samtal sé opið og hvetjandi.

AÐRAR HUGMYNDIR

- ...

6.3
Hvað þarf að hafa í huga í munnlegum samskiptum við foreldra?

'The educators do their best to speak English. Sometimes I use Google Translate. And my wife does the rest of the translation. That communication is very important, because when parents are more confident, the children are more confident too. And Dutch is quite a strange language.'

- Steven, father

ÍGRUNDUN

- Hvernig gætir þú þess að munnleg samskipti séu skýr fyrir alla foreldra?
- Hvernig tryggir þú að foreldrar í viðkvæmri félagsstöðu skilji skilaboðin þín í munnlegum samskiptum?
- Hvernig getur þú talað við fjöltyngda foreldra á skiljanlegan hátt?

TIL UMHUGSUNAR

- Talaðu skýrt og hægðu á þér ef nauðsynlegt er.
- Forðastu flókin orð og fagmál.
- Útskýrðu áður en þú notar ný hugtök eða hugmyndir.
- Ef foreldrar tala annað tungumál, gætu myndir eða túlkar hjálpað í samskiptum.
- Hvetjið foreldra til að spyrja ef þeir skilja ekki eitthvað.
- Endurtaktu aðalatriðin í samtalinu til að tryggja að skilaboðin hafi komist til skila.

AÐRAR HUGMYNDIR

- verkfæri fyrir skýr samskipti við fjöltyngda foreldra;
- leiðbeiningar um skýrt og aðgengilegt málfar;
- Google Translate;
- ...

6.4
Hvað þarf að hafa í huga í skriflegum samskiptum við foreldra?

'I can read in English. I also know how to use a translation app. But it takes me energy and focus. When I get two sheets full of text and information from the childcare or school, it makes me nauseous. Even though I know it could be important, I sometimes leave it aside for a few days. I can't manage to read it diagonally."

Isabelle, mother

ÍGRUNDUN

- Hvernig ættir þú að byggja upp skrifleg skjöl fyrir foreldra í viðkvæmri félagsstöðu?
- Hvað ættir þú að einblína á ef að þú ert að búa til póst eða tilkynningu sem er ætlað ólíkum hópi foreldra?
- Hvernig getur þú gert pósta eða tilkynningar aðgengilegri fyrir foreldra sem skilja ekki íslensku?
- Hvernig getur leturgerð, litir og útlit haft áhrif á skilning foreldra?

TIL UMHUGSUNAR

- Skrifaðu það mikilvægasta fyrst.
- Notaðu einfaldar og stuttar setningar, stikluform í skriflegum samskiptum (bullet points).
- Skipuleggðu textann með góðu bili á milli málsgreina.
- Tryggðu að skjöl séu vel skipulögð og auðvelt sé að lesa upplýsingar úr þeim.
- Forðist málshætti, málíkingar og þess háttar
- Notið sjónrænan stuðning
- Bjóðið upp á möguleika á að fá skjöl útskýrð munnlega.

AÐRAR HUGMYNDIR

- verkfæri fyrir skýr samskipti við fjöltyngda foreldra;
- leiðbeiningar um skýrt og aðgengilegt málfar;
- Google Translate;
- …

6.6
Að notast við sjónrænan stuðning í samskiptum

'We rarely have people from more vulnerable groups directly contacting u, by finding our contact information online. To reach these more, we have prepared flyers and self-go to our partners to distributed, but more importantly to create opportunities to have real-life contacts with those parents.'

- Raïssa, coordinator

ÍGRUNDUN

- Hvaða sjónræni stuðningur getur hjálpað í samskiptum við foreldra?
- Hvernig tryggir þú að sjónrænn stuðningur sé gagnlegur fyrir bæði kennara og foreldra?
- Hvað þarf að hafa í huga þegar notaður er sjónrænn stuðningur?

TIL UMHUGSUNAR

- Notaðu myndtákn, myndir eða einfaldar skýringarmyndir til að upplýsa foreldra betur um aðalefni samtalsins. Þetta getur stuðlað að betri skilning.
- Gerðu tilraunir með myndtáknum en gættu þess að einfalda ekki of mikið flókin málefni með notkun þeirra:
  - Gerðu ekki ráð fyrir að allir foreldrar skilji öll tákn. Myndtákn geta verið óljós og túlkuð á mismunandi vegu.
  - Passaðu að ofgnótt af myndtáknum rugli ekki skilaboðin. Skilaboðin þurfa að vera skýr án þess að virka of einfölduð, þar sem það getur dregið úr trausti til foreldrahæfni.
  - Spurðu reglulega foreldra hvort myndtáknin séu raunverulega (enn) að hjálpa þeim.
  - Finndu myndtákn, táknmyndir eða sjónræn hjálpargögn sem eru ekki of einföld. Til dæmis eru venjubundin orð eins og „mjólk“, „svefn“ og „bleyjur“ fljótlærð og þurfa kannski ekki myndtákn.
- Aðrar sjónrænar aðferðir til að styðja við samskipti:
  - Notaðu ljósmyndir eða aðra sjónræna hjálpargögn, eins og myndbönd.
  - Notaðu sjónrænan skala til að spyrja foreldra um tilfinningar sínar.
  - Útskýrðu daglega rútínu með sýnilegum dæmum. Dæmi: „Hvert barn hefur dýnu og sinn kodda“ – þú getur sýnt þetta með því að hengja mynd af svefnaðstæðum + mynd eða nafn barnsins á þann stað sem það hvílir sig.
  - Þróaðu og notaðu „samtalsborð“ fyrir ákveðin samtöl (blað með skrefum í samtalinu og lykilorðum). Til dæmis „samtalsborð“ til að ræða barnaprófílinn.
  - Skrifaðu niður lykilorð sem draga fram kjarnaskilaboð í samtölum.

AÐRAR HUGMYNDIR

- myndir og myndbönd úr daglegri rútínu í leikskólanum;
- Myndtáknaorðabók;
- nýttu tækifæri til að heimsækja aðra leikskóla, fáðu innblástur;
- ...